

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 276/1983 um Flugmálastjórn Íslands.

1. gr.

Í 1. mgr. 2. gr. komi nýr stafliður: f) alþjóðamál.

2. gr.

11. másl. 1. mgr. 11. gr. „Alþjóðleg samskipti (þ. á. m. núverandi ICAO deild)“ falli niður.

3. gr.

Við 11. gr. bætist ný mgr., sem orðist svo:

Alþjóðamál:

Samskipti við alþjóðastofnanir

Samstarf við útlönd

Alþjóðaflugþjónustan

Heimildir til flugs um íslenska lofthelgi

Flugréttarleg málefni v/loftflutninga.

4. gr.

Í reglugerðina bætist ný grein, er verður 12. gr., svohljóðandi:

Í skipuriti má færa verkefni milli aðaldeilda, ef þurfa þykir og það horfir til sparnaðar eða hagræðis.

5. gr.

Greinatala reglugerðarinnar breytist í samræmi við ákvæði 4. gr. reglugerðar þessarar, þannig að greinar 13—14 verða greinar 14—15.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 34 21. maí 1964, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 12. maí 1986.

Matthías Bjarnason.

Birgir Guðjónsson.